

SAMÞYKKT

bæjarstjórnar Ólafsfjarðar um útvistartíma barna og ungmenna í Ólafsfirði.

1. gr.

Börn, 11 ára og yngri, mega ekki vera á almannafæri eftir kl. 20.00 nema í fylgd með fullorðnum eða á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

2. gr.

Börn og ungmenni á aldrinum 12 til 16 ára mega ekki vera á almannafæri nema í fylgd með fullorðnum eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 21.00
13 ára	eftir kl. 22.30
14-16 ára	eftir kl. 23.00

nema þau séu á heimferð frá viðurkenndri skóla-, íþrótta- eða æskulýðssamkomu.

3. gr.

Undantekning frá 2. gr. er að á föstudögum og laugardögum er ungmennum á aldrinum 12 til 16 ára heimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára	eftir kl. 22.00
13 ára	eftir kl. 24.00
14-16 ára	eftir kl. 01.00

4. gr.

Á tímabilinu 1. júní til 1. september er börnum og ungmennum óheimilt að vera á almannafæri eftir því sem hér segir:

12 ára og yngri	eftir kl. 22.00,
13 til 16 ára	eftir kl. 24.00.

Sú undantekning sem getið er í 3. gr. um 14-16 ára skal einnig gilda fyrir tímabilið 1. júní til 1. september.

5. gr.

Öll aldursmörk samkvæmt þessum reglum skulu miðuð við fæðingarár en ekki fæðingardag.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Ólafsfjarðar hefur sett skv. 57. gr. laga um vernd barna og ungmenna, nr. 58/1992, með síðari breytingum, staðfestist hér með til að öðlast gildir þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 19. október 1995.

Páll Pétursson.

Anna G. Björnsdóttir.